

### Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn og kt. rekstraraðila: Öggur ehf Kt. 650809-1300	Dags. eftirlits: 23. 11. 2016	Staðsetning stöðvar: Kjarvalsstaðir Hjaltadal	Starfsleyfisflokkur: 4
Tengiliður: Einar Svavarsson	Netfang: einsi@holar.is	Sími: 453-5508	Gerð stöðvar: Landeldi
Gildistími starfsleyfis: 10.06.2022	Kvittun afhend: já	Viðstaddir eftirlit:	Fulltrúi heilbrigðiseftirlits: Enginn

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	x			Bleikjueldi, að 12t
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?		x		Fyrsta eftirlit UST/MAST Engar breytingar á rekstrinum eru áætlaðar
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		x		Skráð er í dagbók, dauðfiskur, fódurmagn og aðrar uppl. er varða eldið. Rekstraraðili ætlar að bæta uppsetningu dagbókar og auka skráningar. Dagbókin verður aðgengileg eftirlitsaðila á staðnum.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			x	Skv. starfsleyfi þarf ekki að skila ársskýrslu en hún þarf að vera aðgengileg eftirlitsaðila á staðnum.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			x	Á ekki við
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir til staðar? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og		x		Áhættumat og viðbragðsáætlun er ekki til staðar en rekstraraðili ætar að vinna þessar áætlanir og senda eftirlitsaðila sem allra fyrst.

ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	Á ekki við
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			x	Á ekki við
Er neyðaráætlun til staðar?		x		Neyðaráætlun er ekki til staðar en rekstraraðili ætlar að vinna áætlunina og sendir eftirlitsaðila sem allra fyrst.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			x	Á ekki við
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	x			Klukkufóðrun og sjónlægt mat.
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		x		Engar mælingar hafa verið gerðar á frárennsli en bent er á að skv. c) lið í gr. 1.4 í starfsleyfi þarf að fylgjast með losun efna út í umhverfið. Mælst er til þess að mæling verði gerð á frárennsli sem fyrst og niðurstöður þeirrar mælingar sendar eftirlitsaðila. Endurtaka skal mælingar fjórða hvert ár.
Ástand frárennslis (landeldi). Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?	x			Snjór var yfir svæðinu og erfitt að meta aðstæður í frárennislæk annarsstaðar en rétt við frárennslisopið. Þar var ekki að sjá neina uppsöfnun en greina mátti lítið eitt af fódurleyfum og saur í lækjarbotninum beint undir frárennslisstúnum. Engin óeðlileg lykt var af læknum og engin fiskur sást í frárennislæk.

Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síjun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá keru að viðtaka.	x			Ristar eru í kerum. Frárennsli er leitt í læk sem rennur c.a. 50m að lygnu (settjörn) og síðan áfram út í Hjaltadalsá. Bent er að fylgjast þarf vel með lygnunni og meta hvort að dæla þurfi upp úr henni.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	x			Sjá lýsingu við fyrri lið
Umhverfi sjókvía. Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?			x	Á ekki við
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		x		Nei, en rekstraraðila er bent á að gera mælingar á frárennslisvatni.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?			x	Á ekki við
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?			x	Á ekki við
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?			x	Á ekki við
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	x			Engin spilliefni eru geymd í stöðinni. Formalín þó notað einstaka sinnum. Dauðfiskur (1-2 fiskar á viku) fer í úrgangsgám á vegum sveitarfélagsins.
Er umhverfsvöktun í samræmi við starfsleyfi?		x		Nei, en rekstraraðili tók vel í ábengingar og verður farið yfir það í næsta eftirliti.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfsvöktunar.			x	Á ekki við

Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			x	Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	x			Ekki er kveðið á um ákveðinn fjölda sýnataka í starfsleyfi né tímasetningar en rekstraraðili tekur sýni úr frárennslisvatni á næstu vikum.

### Niðurstöður síðasta eftirlits:

Fyrsta eftirlit UST/MAST til rekstraraðila. Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær athugasemdir voru gerðar varðandi skráningar í rekstrarhandbók og mat á losun efna út í umhverfið.

<b>Samantekt:</b>	Um er að ræða mjög lita stöð, 2 fremur lítil ker með matfisk og þrjú smáker sem notuð eru til flokkunar sláturfisks. Engar byggingar eru við stöðina utan lítils kofa sem notaður er fyrir fóðurgeymslu. Búnaði virðist vera vel við haldið og svæðið var snyrtilegt á að líta.
<b>Frávik</b>	Engin frávik komu fram við eftirlit
<b>Athugasemdir</b>	Athugasemd er gerð við að skráningar í rekstrarhandbók eru ekki nægjanlegar en rekstraraðili tók vel í þær ábendingar og bætir úr því. Einnig var gerð athugasemd við að engar mælingar hafa verið gerðar til að meta losun efna út í umhverfið. Rekstraraðili gerir mælingar á næstu vikum og sendir niðurstöður þeirra til eftirlitsaðila.
<b>Annað</b>	

Undirskrift eftirlitsmanns: *G. Stella Arnadóttir*

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Öggur ehf. Kjarvalsstaðir, Hjaltadal



<b>Dags eftirlits</b>	23.11.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Öggur ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Prestssæti 3	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	650809-1300	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Einar Svavarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær athugasemdir voru gerðar varðandi skráningar í rekstrarhandbók og mat á losun efna út í umhverfið.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil á áætlunum og vöktun umhverfis.

Um er að ræða mjög litla stöð, 2 fremur lítil ker með matfisk og þrjú smáker sem notuð eru til flokkunar sláturfisks. Engar byggingar eru við stöðina utan lítils kofa sem notaður er fyrir fóðurgeymslu.

Búnaði virðist vera vel við haldið og svæðið var snyrtilegt á að lífta.

## ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við að skráningar í rekstrarhandbók eru ekki nægjanlegar en rekstraraðili tók vel í þær ábendingar og bætir úr því. Einnig var gerð athugasemd við að engar mælingar hafa verið gerðar til að meta losun efna út í umhverfið. Rekstraraðili gerir mælingar á næstu vikum og sendir niðurstöður þeirra til eftirlitsaðila.

## ANNAD

Skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun skal rekstraraðili vinna vöktunaráætlun fyrir svæðið í samráði við Umhverfisstofnun. Skráningar og niðurstöður vöktunar eiga að vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Einnig skal rekstraraðili vinna neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar, áhættumat og viðbragðsáætlun þar sem tekið er á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaráhöpp.

Skv. starfsskilyrðum frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra ber rekstraraðila að halda dagbók um framleiðslumagn á hverjum stað atvik er varða mengunarvarnir og áhrif á umhverfi og kvartanir og/eða athugasemdir sem berast. Skal eftirlitsaðili hafa aðgang að þeirri dagbók.

12.12.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir